

Komið þið sæl og velkomin í tónlistarskólann okkar hér í Grindavík á þessum merku tímamótum.

Saga tónlistarskólans hófst árið 1972 en þá var Friðbjörn Gunnlaugsson skólastjóri grunnskólans. Friðbjörn réði Eyjólf Ólafsson að skólanum sem tón- og myndlistarkennara og varð Friðbjörn svo aðalhvatamaður að stofnun tónlistarskólans. Svavar Árnason og Eiríkur Alexandersson samþykktu ráðningu Eyjólfss sem skólastjóra fyrir hönd bæjarins. Tónlistarskóli Grindavíkur var formlega stofnaður árið 1972.

Þegar tónlistarskólinn var stofnaður var ekkert húsnæði tilbúið fyrir skólann. Eyjólfur skoðaði hús sem Kvenfélag Grindavíkur átti „Kvennó“ en það hús var í niðurníðslu í þá daga. Eyjólfur lagði þar hönd á plóg ásamt góðum mönnum og standsettu þeir húsið sem er enn í notkun. Eyjólfur var mjög fjölhæfur, kenndi á mörg hljóðfæri, sá um tónfræðikennslu, setti upp söngleiki og stofnaði barnakór. Barnakórinn kom fram við hin ýmsu tækifæri og tók þátt í kóramótum Eyjólfur starfaði við skólann af mikilli hugsjón til ársins 1982.

Tónlistarskólinn flutti síðan í Lágafell sem er íbúðarhús við Víkurbraut 34 og var starfsemi skólans þar fram til ársins 2014 þegar tónlistarskólinn flutti í þetta glæsilega húsnæði þar sem við erum nú saman komin að Ásabraut 2.

Skólastjórar Tónlistarskóla Grindavíkur frá upphafi:

- ▶ Jón E. Hjaltason var skólastjóri Tónlistarskólans 1982-1989.
- ▶ Veturinn 1989-1990 lá starfsemi skólans niðri að hluta og voru einungis 2 kennarar starfandi þann vetur, þau Inga Björk Runólfsdóttir og Eiríkur Árni Sigtryggsson.
- ▶ Siguróli Geirsson var skólastjóri Tónlistarskólans 1990-1998.
- ▶ Inga Björk Runólfsdóttir var settur skólastjóri Tónlistarskólans á vorönn 1999.

- ▶ Guðmundur Emilsson var þá ráðinn menningarfulltrúi og skólastjóri Tónlistarskólans 1999-2001.
- ▶ Gunnar Kristmannsson var skólastjóri Tónlistarskólans 2001-2008.
- ▶ Inga Björk Runólfsdóttir leysti af sem skólastjóri Tónlistarskólans á vorönn 2007 meðan Gunnar var í feðraorlofi.
- ▶ Núverandi skólastjóri er sú sem hér talar, Inga Þórðardóttir og hef ég gegnt þessu starfi frá árinu 2008, en var áður kennari við skólann frá árinu 1997.

Samstarf við aðrar stofnanir í bænum og við fagfélög.

- ▶ Haustið 1995 hófst formlegt samstarf milli tónlistarskólans og grunnskólans
- ▶ Forskólakennsla er fag sem kennt er eftir námskrá tónlistarskólanna og tónlistarskólinn sinnir í 2 – 4 bekk grunnskólans. Nemendur kynna undirstöðuatriðum í blokkflautuleik ásamt söng, hlustun og tónfræði.
- ▶ Auk þess fær 5. bekkur hljóðfærakynningu einu sinni í viku Hljóðfærakennslu þessari er skipt niður í þrjár annir. Nemandi hefur því eftir veturinn prófað þrjú hljóðfæri.
- ▶ Þessi samvinna hefur verið lifandi og tekið breytingum og þróunum sem orðið hafa.
- ▶ Árið 2009 hófst samstarf við leikskólana sem felst í því að elsti árgangur leikskólanna kemur í heimsókn í hljóðfærakynningu og fær að prófa hljóðfæri skólans. Eins fara nemendur tónlistarskólans í heimsókn til leikskólanna og spila fyrir nemendur þar.
- ▶ Síðustu 2 vetur hafa þó verið erfiðir hvað þetta varðar út af dottlu...

Samstarf við Víðihlíð hefur verið mjög gott í gegn um tíðina og hefur tónlistarskólinn verið með tónfundi þar annað slagið í mörg ár. Það er gott að vera nemandi að stíga sín fyrstu skref í tónleikahaldi fyrir okkar

elstu og yngstu áheyrendur því þeir hópar eru svo góðir hlustendur, skilningsríkir og fyrirgefandi ef eitthvað fer úrskeiðis og því gott að æfa sig í að koma fram í slíku umhverfi. Bæjaryfirvöldum vil ég einnig þakka fyrir að hafa skilning á mikilvægi tónlistarkennslu og gera stofnunum bæjarins kleift að vinna saman á svona víðum grundvelli.

Mánaðarlegir tónfundir eru haldnir á mismunandi stöðum, þrennir jólatónleikar eru haldnir í desember, dagur tónlistarskólans er haldinn hátíðlegur í febrúar, þrennir tónleikar eru að vori. Einnig förum við út og spilum á ýmsum uppákomum hér í bæ.

Samstarf við fræðslusvið, fræðslunefnd, bæjarráð og bæjarstjórn hefur verið mjög gott og hefur tónlistarskólinn fengið mikinn skilning og hvatningu við þróunarverkefni sín bæði er varðar þróun á námsmati, kennsluaðferðum, s.s. Eftirfylgniaðferð, framboði náms og mörgu fleiru sem skólinn hefur viljað prófa sig áfram með sem er svo mikilvægt til faglegrar framþróunar. Skólastjórar tónlistarskólanna á Suðurnesjum hittast mánaðarlega þar sem farið er yfir fagleg mál, samvinnu og samstarf skólanna. Skólastjóri tónlistarskólans er í STS sem er fagsamtök tónlistarskólastjóra og situr einnig í fagráði félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum innan KÍ. Einnig taka kennarar skólans þátt í svæðisþingum félagsins þar sem fagleg mál og fræðsla fer fram. Síðast en ekki síst er ánægjulegt að tónlistarskólinn er í virkri þátttöku og samráði er varðar fræðslumál bæjarins almennt og tekur fullan þátt í þverfaglegu samstarfi í fræðslumálum nemendum okkar og samfélagi til heilla.

Tónlistarkennsla...Hvað segja rannsóknir?

DR Helga Rut Guðmundsdóttir hefur verið að rýna og kynna ýmsar rannsóknir sem gerðar hafa verið um tónlistarnám og ávinning þess og ætla ég að nefna örfá atriði hér.

Í hefðbundnum menningarheimum eru tónlist og dans oft ómissandi hluti af mikilvægum hópathöfnum s.s. vígsluathöfnum, brúðkaupum eða í undirbúningi fyrir orrustu. Tilgáta hefur verið uppi um að tónlist

hafi þróast í tól sem hlúir að félagslegri tengslamyndun og samheldni hópsins og eykur framsækna hegðun hóps og samvinnu. Þessi tilgáta er studd með tilraun sem gerð var á fjögurra ára börnum sem sýndi fram á aukningu á jákvæðri hegðun sem tengjast hjálpssemi og samstarfi þeirra sem stunduðu tónlistarnám borið saman við 4 ára börn sem voru á sama félags- og málþroskastigi sem ekki stunduðu tónlistarnám.

Það að æfa á hljóðfæri krefst mikillar samhæfni. Æfa þarf margvíslega flókin tónverk og til þess þurfa mörg skynfæri hljóðfæraleikarans að vinna á sama tíma. Um er að ræða hreyfifærni, tóneyra/hlustun og margþáttafærni, þ.e. að þýða sjónrænt skynjað tákni í hreyfiskipanir á sama tíma og spilað er á hljóðfærið og þar með fá viðbrögð frá nokkrum skynfærum samtímis. Rannsóknir hafa leitt í ljós að sýnilegur munur er á heilavirkni barna sem annars vegar hafa hlotið þjálfun í tónlist og þeirra sem ekki hafa fengið slíka þjálfun.

Einnig hefur verið sýnt fram á að tónlistarnám barna hefur í för með sér langvarandi framfarir á sjónrænni, málfræðilegri og stærðfræðilegri getu. Ljóst er að jákvæð fylgni er milli tónlistarnáms og greindarmælikvarða. Í þeirri rannsókn er tillit tekið til annarra breytna sem skipt geta máli varðandi niðurstöðurnar s.s. menntun og fjárhagur foreldra.

Tónlistarnám eykur hæfni til að heyra og greina tóna sem og að greina málhljóð og tal í hávaða. Niðurstöður rannsóknar leiddu í ljós að því lengur sem viðkomandi stundaði tónlistarnám, því meiri hæfni hafði hann til að greina hljóð af ýmsu tagi. Að framangreindu leiðir að jákvæð fylgni er á milli tónlistarnáms og hæfni til að einbeita sér í truflandi og krefjandi aðstæðum.

Ljóst er að ávinningur tónlistarnáms er margvíslegri en marga grunar. Tónlistarnám eykur ekki aðeins færni á hljóðfærið sjálft heldur styður það við almennan þroska einstaklinga. Það bendir margt til þess að tónlistarnám virkjar ýmsa þroskaþætti betur en flest annað sem við gerum og bætir líkamlega- vitsmunalega- og félagslega færni auk þess sem það hefur jákvæð áhrif á samhæfingu margra þátta.

ATH HÉR MÁ FINNA ÞESSAR RANNSÓKNIR:

https://www.researchgate.net/publication/47638147_Joint_music_making_promotes_prosocial_behavior_in_4-year-old_children

https://www.musicianbrain.com/papers/Schlaug_Music_Child_Brain_NYAS2005.pdf

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC3092743/>

Og á þessum tímamótum er gott að rifja upp

Er tónlistarnám áhugamál, tómstund eða menntun?

Áhugamál og tómstund eiga það sameiginlegt að maður mætir og sinnir því áhugamáli á staðnum. Síðan æfir maður sig inn á milli ef maður vill ná árangri og með æfingu og sjálfsaga er hægt að ná góðum árangri og jafnvel skara fram úr. Hins vegar er ekki kennt eftir námskrá og ekki eru þreytt próf, gerð krafa um heimaæfingar og áhugamál og tómstundir veita almennt ekki starfsmenntun.

Tónlistarskólar hins vegar starfa eftir lögum um tónlistarskóla, Aðalnámskrá tónlistarskóla sem gefin er út af Menntamálaráðuneytinu og Skólanámskrá sérhvers skóla sem unnar eru út frá fyrrnefndum þáttum. Starfsáætlun og skóladagatal er samþykkt árlega af fræðslunefnd.

Prófanefnd tónlistarskóla hefur að geyma prófdómara í rytmískum og klassísum hljóðfærum ásamt fræðigreinum. Þegar nemandi hefur náð ákveðinni færni fer hann í áfangapróf sem má líkja við samræmd próf þar sem fyrrnefndir prófdómarar prófanefndar eru kallaðir til og þeir koma á staðinn og nemendur taka prófin hjá þessum prófdómurum. Á þann hátt eru sömu prófdómarar sem dæma eftir sömu stöðlum prófin um allt land sem gefur okkur mat á því hvernig við stöndum okkur bæði með einkunn og síðan í samanburði við aðra skóla. Gaman er að geta þess að okkar nemendur hafa staðið sig mjög vel í þeim prófum og verið skóla sínum til mikils sóma.

Hljóðfæranám og söngur er nám þar sem nemandinn líkt og í grunnskóla byrjar á því að læra að lesa, skrifa og reikna. Því það er jú grunnurinn að öllu námi. Stafróf okkar og reikningsaðferðir eru þó á allt öðru tungumáli en í öðru námi, tungumáli tónlistarinnar. Til þess að æfa okkur í framburði þessa nýja tungumáls nýtum við til þess hljóðgjafa, þ.e.a.s. hljóðfæra eða söngraddar. Við lesturinn þurfum við að geta lesið hvernig verkið er uppbyggt, reiknað út hvernig hrynjandinn í verkinu er og komið því frá okkur og túlkað í gegn um hljóðfæri okkar eða söngrödd. Líkt og í öðrum tungumálum er það síðan tækni, æfing, orðaforði og framburður sem tekur við.

Þetta er krefjandi nám sem krefst mikilla æfinga í því sem hér á undan er sagt og má segja að allir sem hefja þetta nám byrji mállausir, fari síðan að tala með hreim en með æfingum og ástundun minnkar hreimurinn og nemendur öðlast gott vald á tungumáli tónlistarinnar tjáningu og framburði. Má segja að tónleikar tónlistarskólanna séu á pari við upplestrar- og síðar ræðumennsku annarra skólagerða þar sem nemendur æfa sig í því að koma fram og tjá sig .

Skólastigin í tónlistarnámi eru sambærileg og í almennu námi. Fólk byrjar í grunnnámi sem lýkur með grunnpófi sem prófdómari frá prófanefnd dæmir. Þá tekur við miðnám sem lýkur á sama hátt með miðprófi og síðan framhaldspróf sem lýkur á sama hátt með prófdómara en best hafa við frá fyrri prófum opinberir tónleikar sem hluti af prófi. Nám upp að framhaldsprófi er hægt að nema í langflestum almennum tónlistarskólum á landinu en einnig hefur best við í flórana MÍT Menntaskóli í tónlist sem í samvinnu við Menntaskólann í Hamrahlíð hefur opnað stúdentsbraut í tónlist.

Að framaldsprófi loknu opnast leiðin í háskólanám í tónlist. Þar er ýmist hægt að fara í tónlistardeild Listaháskóla Íslands eða erlenda háskóla og ljúka bakkalárgráðu, sem tónlistarkennarar eða hljómlistarmenn, mastersgráðu og doktorsgráðu í tónlistanámi

Kennarar tónlistarskóla eru ýmist í félagi tónlistaskólakennara sem er innan kennarasambandsins eða FÍH sem er Félag íslenskra hljómlistarmanna sem er innan Bandalags háskólamanna.

Tónlistarnám er ekki skyldunám og ekki eru allir sem hefja nám á þeirri vegferð að ljúka því námi með doktorsgráðu heldur að læra grunn til þess að geta notið tónlistar og leikið á hljóðfæri sjálfum sér og öðrum til ánægju. Því hefur okkar skóli mætt með svokölluðu tveggja ára námi þar sem nemandinn getur lært ákveðinn grunn í þeim tilgangi. Þrátt fyrir frábæra kennara, tól og tæki er ekki mögulegt að æfa sig fyrir nemendum frekar en í öðru námi eða íþróttum.

Hafa ber í huga að hvaða leið sem valin er að árangur námsins, færni og uppskera liggur hjá nemandanum sjálfum og þeirri vinnu sem hann leggur í námið. Sá skarar fram úr sem leggur á sig. Þeir sem læra þetta tungumál tónlistarinnar uppskera m.a. ríkulegan orðaforða sem ekki er gott að tjá eða lýsa á annan hátt m.a. fyrir tilfinningar s.s. gleði, kátínu, ást, hamingju, depurð, trega, sorg, óhamingju ofl sem oft á tíðum er erfitt að koma orðum að. Það er því oftast ekki þar sem orðin enda tekur tónlistin við og kemur þessum tilfinningum frá sér enda hefur það sýnt sig að í flestum þeim mannlegu athöfnum sem haldnar eru hvort heldur sem er í gleði eða sorg eru þær gjarnan haldnar að stórum hluta á tungumáli tónlistarinnar til þess að tjá og skila af sér þeim tilfinningum sem best eiga við hverju sinni.

Ég vil að lokum óska öllum Grindavíkingum innilega til hamingju með 50 ára afmæli Tónlistarskólans og hvet ykkur eindregið til að skoða hann og prófa hin ýmsu hljóðfæri... Því við eigum hann jú öll saman ☺

Ég vil nú bjóða fólki að fá sér veitingar í boði Grindavíkurbæjar og minni á að kl. 14:00 munu nemendur skólans koma og spila hér á opnu sviði á meðan fólk nýtur veitinga og skólinn er til sýnis til kl. 16:00.

Takk fyrir!